



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykólahrepps
Miðvikudaginn 15. apríl 2013, kl. 16.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Ingvar Samúelsson. Einnig sátu fundinn Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Steinunn Rasmus fh. kennara grunnskólasviðs, Herdís Erna Matthíasdóttir fyrir hönd foreldrafélag leikskólasviðs. Hallfríður Valdimarsdóttir fyrir hönd foreldrafélags grunnskólasviðs og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Eiríkur bauð fólk velkomið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. 1301021 - Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 9. apríl 2013.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1301013 – Verklagsreglur vegna skólaaksturs.

Tillögur skólastjóra.

Farið yfir tillögu skólastjóra um verklagsreglur vegna forgangsroðunar leikskólabarna í skólabíl. Nefndin er samþykk drögunum, skólastjóri vinnur áfram að reglunum. Samþykkt samhljóða.

3. 1304027 – Ósk um fjármagn til að skoða tölvumál í Reykólaskóla.

Erindi frá skólastjóra dagsett 17. apríl 2013.

Nefndin vísar erindinu til hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

4. 1305003 – Ráðning deildarstjóra á leikskóladeild Reykólaskóla.

Erindi frá skólastjóra dagsett 24. apríl 2013.

Tilkynnt er ráðning Sigrúnar Kristjánsdóttur í stöðu deildarstjóra leikskóladeildar Reykólaskóla. Öðrum umsækjendum barst tilkynning þess efnis 24. apríl 2013 og var óskað eftir rökstuðningi, sem svarað var 8. maí 2013.

5. 1305006 – Leiðtogar í heimabyggð.

Erindi frá skólastjóra dagsett 29. apríl 2013.

Skólastjóri óskar eftir heimild til að senda tvo fulltrúa á auglýstar vinnustofur mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Nefndin samþykkir erindið samhljóða.

6. 1305007 – Skóladagatal 2013-2014, stytting skólaársins.

Erindi og dagatal frá skólastjóra dagsett 29. apríl 2013.

Skólastjóri leggur fram skóladagatal fyrir skólaárið 2013 og 2014. Þá óskar hún heimildar nefndarinnar að stytta skólaárið um sjö daga að vori og lengja skóladaga nemenda um 50 – 60 mínútur á viku. Helstu ástæður tillögunnar er meðal annars landbúnaðarsamfélagið sem Reykólahreppur er, 80 - 90% nemenda tengist sauðburði á einn eða annan hátt, það séu forréttindi og menntun sem felist í slíku. Skóladagurinn sem slíkur lengist ekki nema fyrir elstu nemendurna, þar sem lenging skóladagsins fer fram á þeim tíma sem annars skólasel hefði starfað. Nefndin samþykkir skóladagatal og styttingu skólaársins samhljóða.

7. 1305009 – Stefnumark Reykhólaskóla

Frá skólastjóra dagsett 30. apríl 2013.

Lagt fram.

8. 1305010 – Sérkennslumál skólans árið 2013 – 2014.

Erindi frá skólastjóra dagsett 8. maí 2013.

Skólastjóri lagði fram stöðu skólans vegna sérkennslu skólaárið 2013 - 2014. Miklar umræður fóru fram um stuðningsnet skólans, það þurfi að taka til endurskoðunar til að hægt sé að veita nemendum þann stuðning sem þau þurfa hverju sinni. Sýnt þykir að þörf verður á auka fjármagn til þessa liðar næsta skólaár. Samþykkt samhljóða.

9. 1211008 – Verkáætlun Reykhólaskóla vegna gruns um kynferðislegt eða annarskonar ofbeldi gagnvart börnum.

Erindi frá skólastjóra 8. maí 2013.

Verkáætlun lögð fram.

10. 1305011 – Viðhorfskönnun í Reykhólaskóla.

Nefndin samþykkir að gera viðhorfskönnun á meðal foreldra barna í Reykhólaskóla. Samþykkt samhljóða.

11. 1305012 – Tölvumál og starfsmannamál í Reykhólaskóla

Erindi frá Karli Kristjánssyni dagsett 10. maí 2013 og erindi frá kennurum skólans.

Þar sem það er ekki á valdi nefndarinnar að ræða starfsmannamál, skal vísa því máli til sveitarstjóra. Skólastjóri fór yfir tölvumál skólans, nokkrar umræður fóru fram um tölvumál skólans.

Mál til kynningar:

12. 1305013 – Heildarútgáfu aðalnámskrár grunnskóla lokið með köflum um greinasvið og lykilhæfni.

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsett 24. maí 2013.

Kynnt.

Önnur mál (ef einhver):

13. 1305019 – Uppsögn sérfræðikennara við Reykhólaskóla

Erindi frá kennurum Reykhólaskóla dagsett 15. maí 2013, þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum yfir uppsögn sérfræðikennara skólans. Erindið lagt fram.

14. 13050209 – Afsögn úr mennta- og menningarmálanefnd.

Erindi frá Ingvari Samúelssyni nefndarmanni þar sem hann segir sig úr mennta- og menningarmálanefnd vegna aðstæðna. Erindinu vísað til hreppsnefndar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin, fundi slitið 17:40